

NOTENDASKILMÁLAR ARION BANKA VEGNA APPLE PAY

1. ALMENNT

- 1.1. Skilmálar þessir gilda milli Arion banka hf., kt. 581008-0150 (hér eftir „Arion banki“ eða „bankinn“) og viðskiptavinar Arion banka (hér eftir „viðskiptavinur“), sem nýtir sér þjónustu bankans um snertilausar greiðslur með Apple Pay (hér eftir „þjónustan“ eða „Apple Pay“). Þjónustan er aðgengileg í gegnum smáforrit Arion banka (hér eftir nefnt „appið“) og smáforritið Apple Wallet (hér eftir nefnt „Wallet“).
- 1.2. Um færslurnar sem þú framkvæmir með þjónustunni gilda skilmálar þessir, ásamt almennum viðskiptaskilmálum Arion banka, almennum skilmálum innlánsreikninga Arion banka, kreditkortaskilmálum Arion banka, debetkortaskilmálum Arion banka, app skilmálum bankans og verðskrá bankans eins og hún er á hverjum tíma, og eftir því sem við á, ákvæði annarra skilmála og samninga sem gilda milli bankans og viðskiptavinar (hér eftir í sameiningu nefndir „skilmálarnir“). Skilmálana má nálgast á vef bankans, www.arionbanki.is.
- 1.3. Viðskiptavinur skuldbindur sig til þess að gangast undir og fylgja skilmálum bankans í hvívetna. Jafnframt samþykkir viðskiptavinur að bankinn vinni persónuupplýsingar um hann sem snúa að notkun þjónustunnar í samræmi við persónuverndarstefnu Arion banka og skilmála bankans.
- 1.4. Þær persónuupplýsingar sem bankinn vinnur í tengslum við þjónustuna eru upplýsingar sem viðskiptavinur hefur veitt um nafn, heimilisfang, símanúmer og greiðslukort, t.d. greiðslukortanúmer, sýndarnúmer („token“) tengt greiðslukorti, gildistíma og öryggisnúmer og upplýsingar um færslur. Bankinn móttækur persónuupplýsingar frá þriðja aðila í þeim tilgangi að staðfesta auðkenni viðskiptavinar, tengingu við þjónustuna og koma í veg fyrir svik. Bankinn miðlar ópersónugreinanlegum upplýsingum í tengslum við færslur sem framkvæmdar eru með þjónustunni til þriðja aðila í þeim tilgangi að bæta og þróa tæknina.
- 1.5. Persónubundnir öryggisþættir merkja í skilmálum þessum hvers kyns auðkenningu sem er eingöngu bundin við viðkomandi viðskiptavin og hann einn getur nýtt til þess að sanna á sér deili, s.s. fingrafar, PIN númer eða andlitsskanni.

2. ÞJÓNUSTAN

- 2.1. Þjónustan gerir viðskiptavini kleift að framkvæma snertilausar greiðslur með snjalltæki sínu á þeim stöðum sem bjóða upp á og samþykkja snertilausar greiðslur. Notkun þjónustunnar er háð því að viðkomandi viðskiptavinur sé með greiðslukort sem er útgefið af bankanum og fellur undir þjónustuna, sem og viðeigandi snjalltæki.
- 2.2. Til þess að virkja þjónustuna skráir viðskiptavinur greiðslukort sitt í þjónustuna í gegnum appið eða Wallet.

- 2.3. Arion banki ákveður hvaða tegundir greiðslukorta sem eru útgefin af bankanum falla undir þjónustuna á hverjum tíma. Upplýsingar um þau greiðslukort frá bankanum sem falla undir þjónustuna sem og nánari upplýsingar um eiginleika hennar og uppsetningu má finna á vef bankans, www.arionbanki.is.
- 2.4. Viðskiptavinur framkvæmir snertilausa greiðslu með þjónustunni með því að aflæsa snjalltæki með persónubundnum öryggisþáttum og leggja það upp að posa sem samþykkir snertilausar greiðslur. Einnig er mögulegt að framkvæma greiðslu með þjónustunni á netinu og í smáforritum þar sem greiðsla er staðfest í viðeigandi snjalltæki/tölvu með persónubundnum öryggisþáttum.
- 2.5. Snertilaus greiðsla með þjónustunni jafngildir greiðslu með korti og úttektum samkvæmt debet- og kreditkortaskilmálum bankans.
- 2.6. Færslur í erlendri mynt birtast í Wallet á gengi sem notað er til viðmiðunar þar til færsla hefur borist útgefanda. Fjárhæð slíkrar færslu kann því að breytast til hækkunar eða lækkunar þegar hún hefur verið bókuð af útgefanda.
- 2.7. Arion banki ákveður einhliða þá þjónustu sem er í boði á hverjum tíma og áskilur sér allan rétt til þess að gera breytingar eða viðbætur við þjónustuna og aðgerðir innan hennar, þar á meðal en ekki takmarkað við kröfur til persónubundinna öryggisþátta.
- 2.8. Bankanum er heimilt að senda viðskiptavinum rafrænar tilkynningar vegna þjónustunnar, s.s. tölvupóst, SMS, skilaboð/tilkynningar (e. notifications). Bankinn sendir skilaboð/tilkynningar um möguleika þjónustunnar til þeirra viðskiptavina sem hafa ekki lokið virkjun eða ekki hafið notkun þjónustunnar innan ákveðinna tímamarka. Þá ber bankinn enga ábyrgð á því ef tilkynningar berast ekki eða of seint.

3. HUGBÚNAÐUR

- 3.1. Allur hugverkaréttur sem tengist þjónustunni er annað hvort eign bankans eða þriðja aðila. Í hugverkarétti felst m.a. hvers konar höfundarréttur, hönnunarréttur, eignaréttur að atvinnuleyndarmálum og sérþekking (know-how), vörumerkjaréttur og einkaleyfaréttur, sem og skyld réttindi, hvaða nafni sem þau nefnast, bein eða óbein.
- 3.2. Að því marki sem heimilt er að takmarka slíkt, er viðskiptavini óheimilt að afrita þjónustuna í heild eða að hluta til, eða að breyta, endurbýða eða endurhanna hana.
- 3.3. Notkun þjónustunnar er óheimil ef átt hefur verið við stýrikerfi viðkomandi snjalltækis eða öryggi þess er ógnað af öðrum ástæðum, s.s. vegna uppsetningar á vafasömu forriti.

4. ÁBYRGÐ OG SKYLDUR

- 4.1. Viðskiptavinur ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á öllum greiðslum og aðgerðum sem framkvæmdar eru með snjalltæki hans.

- 4.2. Viðskiptavininn ber að virkja læsingu á snjalltæki með viðeigandi persónubundnum öryggisþáttum. Bankinn áskilur sér rétt til þess að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara.
- 4.3. Viðskiptavininn er óheimilt að deila eða veita öðrum upplýsingar um persónubundna öryggisþætti sína. Viðskiptavininn ber að grípa til nauðsynlegra varúðar- og öryggisráðstafana til að tryggja persónubundna öryggisþætti sína þannig að óviðkomandi aðili fái ekki aðgang að eða vitneskju um leyninúmer eða aðrar aðgangsupplýsingar, hvort sem þær varða t.d. varðveislu snjalltækis, aðgang inn í snjalltæki, Wallet eða appið. Ef viðskiptavinur lánar, selur, skiptir um eða heimilur öðrum umráð yfir snjalltæki sem hefur verið tengt við þjónustuna eða ákveður af einhverjum öðrum ástæðum að hætta notkun þess, ber honum áður en það er gert að eyða öllum persónulegum og fjárhagslegum upplýsingum úr snjalltækinu, þar á meðal appinu og fjarlægja öll kort úr Wallet. Varðveiti viðskiptavinur ekki persónubundna öryggisþætti sína í samræmi við framangreint telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu.
- 4.4. Gruni viðskiptavini að einhver hafi vitneskju um leyninúmer hans eða aðra persónubundna öryggisþætti, viðskiptavinur verður var við óeðlilegar færslur, ber honum að breyta persónubundnum öryggisþáttum, s.s. læsingu á snjalltæki með viðeigandi öryggisstillingum, t.d. með nýju PIN númeri og tilkynna bankanum um slíkt án tafar. Viðskiptavinur skal hafa samband við þjónustuver bankans í síma 444-7000 eða neyðarþjónustu Valitor í síma 525-2000 utan hefðbundins þjónustutíma bankans.
- 4.5. Glati viðskiptavinur snjalltæki með einhverjum hætti eða sé því stolið ber honum að tilkynna það tafarlaust til Arion banka með því að hafa samband við þjónustuver bankans í síma 444-7000 eða neyðarþjónustu Valitor í síma 525-2000 utan hefðbundins þjónustutíma bankans.
- 4.6. Ef grunur leikur á óheimilli eða sviksamlegri notkun þjónustunnar eða ef brotið er gegn skilmálunum er bankanum heimilt einhliða og fyrirvaralaust að rjúfa aðgang viðskiptavinar að þjónustunni. Ef ástæður eru fyrir því að aðgangur var rofinn eru ekki lengur fyrir hendi opnar bankinn aftur fyrir aðganginn. Bankinn áskilur sér jafnframt allan rétt á að rjúfa aðgang að þjónustunni um stundarsakir, fyrirvaralaust og án tilkynningar, ef þörf krefur svo sem vegna uppfærslu, breytinga á þjónustunni eða annarra tæknilegra ráðstafana.
- 4.7. Bankinn ber ekki ábyrgð á óþægindum, kostnaði eða öðru fjártjóni, hvort sem um ræðir beint eða óbeint tjón, sem rekja má til lokana, aðgangstruflana eða annarrar röskunar á veitingu þjónustunnar.
- 4.8. Bankinn ber enga ábyrgð á tjóni sem rekja má til athafna eða athafnaleysis þriðja aðila eða ágalla á þjónustunni sem rekin er af þriðju aðilum.
- 4.9. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af óviðráðanlegum orsökum (force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamföllum, verkfalli, verkbanni eða viðskiptabanni. Jafnframt ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af atburðum sem eru stjórnmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir,

rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem bankinn veitir, jafnvel þó að slík atvik flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik. Þá ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem kann að hljótast af vegna lagaskyldu sem bankanum ber að fylgja.

5. ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 5.1. Viðskiptavinur á rétt á því að fá skilmála þessa afhenta á pappírformi eða senda með tölvupósti, hvenær sem er á meðan á samningssambandi stendur, óski hann þess.
- 5.2. Tilkynningar til bankans skal senda á netfangið arionbanki@arionbanki.is eða hringja í þjónustuver bankans í síma 444-7000.
- 5.3. Bankanum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru viðskiptavinum til hagsbóta. Séu breytingarnar ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavin og varða atriði sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu, skal honum tilkynnt um þær með tveggja mánaða fyrirvara á tryggan hátt, s.s. með rafrænum skilaboðum eða póstsendingu á tilkynnt aðsetur eða lögheimili þitt. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við breytingarnar innan þess tíma telst hann hafa samþykkt þær. Ef viðskiptavinur sættir sig ekki við fyrirhugaðar breytingar á skilmálum getur hann hætt notkun þjónustunnar með því að fjarlægja öll greiðslukort úr þjónustunni (Wallet) áður breytingarnar taka gildi. Að öðru leyti vísast til ákvæða skilmálanna, sbr. kafla 1.2. í skilmálum þessum, um breytingar, uppsögn og lok viðskipta.
- 5.4. Bankanum er heimilt að segja upp þjónustunni með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara.
- 5.5. Viðskiptavinur getur fallið frá þjónustunni hvenær sem er, án fyrirvara, án þess að tilgreina nokkra ástæðu og honum að kostnaðarlausu með því að fjarlægja öll greiðslukort úr Wallet.
- 5.6. Skilmálar þessir taka gildi 07.05.2019.